

Fundargerð

75. stjórnarfundur FHA haldinn 16. sept. 2015 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Guðmundur Kristján Óskarsson (GKÓ), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF), Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir (RLB), Auðbjörg Björnsdóttir (AB), Hreiðar Valtýsson (HV) og Þorlákur Axel Jónsson (ÞAJ).

Dagskrá:

1. Fundargerðir 73. og 74. stjórnarfunda voru lagðar fram og samþykktar án athugasemda.
2. Fundartími. Áveðið að funda fyrsta mánudag í mánuði fyrir áramót. Samkvæmt þeirri ákvörðun verður næsti stjórnarfundur haldinn mán. 5. okt. kl. 12:00 í Austurborg.
3. Kjarasamningur. HS gerði grein fyrir stöðu mála í gerð kjarasamnings. Hreyfing er á málum þó enginn samningafundur hafi verið haldinn enda engin niðurstaða fengin ennþá.
4. Önnur mál.
 - a. Hlátur, gleði hamingja: alvörumál. Námskeið fyrir félagsmenn fim. 8. okt. kl. 14:00 – 17:00. Líklega tekur HA þátt í kostnaði.
 - b. Opinn fundur um veikindaréttindi félagsmanna FHA á Borgum kl. 12:00. Félagið mun bjóða fundarmönnum sem mæta súpu og brauð.
 - c. Vefsíða FHA. Verður uppfærð.
 - d. Fjórar umsóknir í námssjóð lágur fyrir fundinum og voru samþykktar með fyrirvara um að þær uppfylli skilyrði fyrir styrkveitingu.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:10

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari.